

Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs 2022

Haldinn á Hótel Kríunesi, Vatnsenda, föstudaginn 2. september kl. 15:00.

1. Fundur settur

Helga Hauksdóttir stjórnarformaður Markaðsstofunnar setti fundinn klukkan 15.05.

Helga lagði til að Elvar Bjarki Helgason yrði fundarstjóri og Björn Jónsson fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og staðfesti að til fundarins hefði löglega verið boðað með auglýsingu tveimur vikum fyrir aðalfund eins og lög gera ráð fyrir og þar með væri ákvæði um löglega boðun á fund uppfyllt.

2. Skýrsla stjórnar

Helga Hauksdóttir flutti skýrslu stjórnar (sjá skýrslu stjórnar í fylgiskjali 1). Fór hún þar yfir helstu verkefni Markaðsstofunnar fyrir starfsárið 2021 og það sem af er ári 2022.

Umræður urðu um skýrslu stjórnar og formaður svaraði fyrirspurnum fundargesta.

3. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar og umræður um skýrslur

Reikningur félagsins var lagður fram og farið yfir helstu liði hans. Samkvæmt ársreikningi er rekstrarafkoma jákvæð um 344.522,- kr. og eigið fé í árslok 2021 er jákvætt um 9.241.804,- kr. Umræður urðu um ársreikninginn og svaraði framkvæmdastjóri fyrirspurnum um einstaka liði hans.

Fundarstjóri bar því næst ársreikning undir fundinn til samþykktar. Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Ákvörðun árgjalds

Fjöldi aðildarfyrirtækja Markaðsstofunnar hefur staðið í stað síðastliðin ár og eru þau að jafnaði í kringum 80. Á síðasta ársfundi var ákveðið að hafa árgjaldið óbreytt, 15.000 kr. en stjórn leggur til að í ár verði það hækkað upp í 19.500 kr. Tillagan var samþykkt.

Fram kom áskorun til nýkjörinnar stjórnar að endurskoða árgjald og skoða mögulegar útfærslur m.t.t. stærðar aðildarféлага.

5. Tilnefning Kópavogsbæjar á stjórnarmönnum kynnt

Kópavogsbær hefur tilnefnt í stjórn Markaðsstofunnar fjóra nýja aðalmenn sem eru: Eysteinn Þorri Björgvinsson, Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson og Ólafur Björnsson. Sem varamenn eru tilnefndar Hrefna Hilmisdóttir og Karen Kristine Pye.

6. Kosning fulltrúa fyrirtækja í stjórn

Ester Rós Björnsdóttir fulltrúi fyrirtækja í stjórn og Tinna Jóhannesdóttir varamaður fyrirtækja í stjórn hafa tilkynnt brotthvarf úr stjórn.

Ásgeir Haukur Guðmundsson, Á. Guðmundsson ehf., bauð sig fram sem fulltrúa fyrirtækja í stjórn og var hann kjörinn samhljóða. Sigurður Sigurbjörnsson, Q4 ehf., bauð sig fram sem varamaður fulltrúa fyrirtækja í stjórn og var hann kjörinn samhljóða.

7. Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns hans

Fundarstjóri gerði að tillögu um að Valborg Inga Guðsteinsdóttir verði skoðunarmaður reikninga og Ingólfur Arnarson til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Kynning á skýrslu um stefnumörkun fyrir atvinnu- og nýsköpunarsetrið Skóp

Upplýst var að stjórn Markaðsstofu Kópavogs hafi á vormánuðum 2022 ákveðið að fá Sigríði Ingvarsdóttur fyrrum forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til að vinna tillögur að stefnumótun fyrir uppbyggingu nýsköpunarseturs í Kópavogi í samstarfi við framkvæmdastjóra Markaðsstofunnar. Í greinargerð sem framkvæmdastjóri kynnti á fundinum er lögð til tveggja þrepa áætlun í átt til stækkunar Atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp og eflingu starfsins.

Í fyrsta lagi eins árs áætlun sem tekur mið af því að auka það húsnæðisrými sem setrið býður upp á, auka samstarf við hina ýmsu aðila til eflingar starfseminni og tryggja fjárhagslegan grundvöll setursins til næstu þriggja ára.

Í öðru lagi þriggja ára áætlun sem miðar að því að starfsemi Skóp, nýsköpunarseturs Kópavogs verði á Kársnesinu þar sem byggt verður upp framsækin miðstöð tækniþróunar á Íslandi auk hátækniklasa, í nánú samstarfi við háskólasamfélagið og tæknifyrirtæki. Stefnt verður að því að Tæknigarðar ehf. myndu flytja frá Keldnaholti inn í þetta nýsköpunarsamfélag. Með fyrirhugaðri brú yfir Fossvoginn er þetta svæði komið í beina tengingu við háskólasvæði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Borgarlína mun síðan tryggja góðar samgöngur við Kársnesið. Þessi tveggja þrepa áætlun og þau áhersluatriði sem þar koma fram fara vel saman við þær áherslur sem birtast í málefnasamningi nýs bæjarstjórnarmeirihluta í Kópavogi um eflingu nýsköpunar í bæjarfélaginu, en þar er kveðið á um að skoðuð verði uppbygging á Nýsköpunarsetri Kópavogs, stofnun hátækniklasa og samstarf við háskólana aukið. Einnig eru ýmsar aðrar opinberar áherslur og sóknarfæri sem styðja vel við þessa áætlun. (sjá nánar í fylgiskjali 2).

Umræður urðu um málið.

9. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

10. Fundi slitið

Fráfarandi formaður þakkaði samstarfið og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og sleit fundi klukkan 16.00.

Elvar Bjarki Helgason, fundarstjóri

Björn Jónsson, fundarritari